Umsögn: Hlíðarvegur 15 í Kópavogi – Byggingarleyfisumsókn – Málsnr. 1282/2025

Við eigendur að Hlíðarvegi 13 (H13) í Kópavogi leggjum fram eftirfarandi umsögn við byggingarleyfisumsókn fyrir Hlíðarveg 15 (H15).

1. Sótt er um leyfi til niðurrifs núverandi húss H15, sem var byggt 1945. Húsið hefur verið óíbúðarhæft í yfir tvo áratugi. Eigendur H13 lýsa yfir ánægju með að húsið á H15 verði fjarlægt, enda verði tryggt að ekki verði tjón á H13.
2. Sótt er um leyfi til að byggja fjögurra íbúða fjölbýlishús á tveimur hæðum. Eigendur H13 eru samþykkir byggingu þessa fjölbýlishúss, enda verði tryggt að ekki verði tjón á H13.

Eigendur H13 leggja áherslu á eftirfarandi þætti við niðurrif, byggingu fjölbýlishúss og frágang við lóðamörk. Í dag eru lóðirnar á H13 og H15 nokkurn veginn í sömu hæð við lóðamörk og hallar báðum til suðurs að Hlíðarvegi. Til stendur að lækka lóð á H15 umtalsvert. Efst við bílaplan okkar virðist lækkun lóðar H15 verða um 0,8 m og fyrir ofan bílskúr H13 um 1,6 m.

Bílskúr H13 er að lóðamörkum. Fyrir framan bílskúr H13 er steypt plan með snjóbræðslukerfi með volgu affallsvatni frá húshitun. Neðar er malbikað plan niður að götu. Á lóðamörkum við steypt og malbikað plan er girðing með ljósum í góðu ástandi sem eigendur H13 reistu og greiddu fyrir sjálfir, með samþykki en án þátttöku eiganda H15. Við neðri hluta girðingar er hellulögn.

a. Eigendur H13 fara fram á að við niðurrif, byggingu og frágang lóðar H15 verði tryggt að ekki verði grafið frá bílskúr H13 þannig að valdi tjóni.
b. Ef grafið verður niður fyrir múrhúð á bílskúr H13 þá verði veggurinn múraður og frágenginn á kostnað byggingaraðila H15.
c. Eigendur H13 fara fram á að við niðurrif, byggingu og frágang verði tryggt að ekki verði grafið undan girðingu, hellulögn, plani og heimreið H13 þannig að valdi tjóni.
d. Fullt samráð eigenda H13 og H15 verði um frágang við lóðamörk.

Allt tjón sem verður á H13 við niðurrif, byggingu og frágang lóðar H15 verði að fullu bætt og gert við án tafar á kostnað eigenda H15.

Kópavogi 5. október 2025

Eigendur að Hlíðarvegi 13 í Kópavogi

Þórður Arason
Elínborg G. Sigurjónsdóttir
Pétur Haraldsson
Hulda Þorsteinsdóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026